

Nöfn meðlima hóps:

---



---

**Póstur 1****Speglun lasers**

Stillið lasernum upp innan línu við glugga, farið svo hinum megin við línuna og finnið fleiri en eina laser línu með móttakaranum.

Fyllið út í töfluna:

Fjarlægð Laser tækis frá glugga		m
Fjarlægð Latta frá laser tæki		m
Mesta hæð laser línu á latta		m
Minnsta hæð laser línu á latta		m
Mismunur hæðarmælinga		m

**Póstur 2****Hæðarpunktur fyrir horn og upp brekku**

A - Stillið laser upp á gangstétt við bílplan, takið hæðarpunkt á steypukubb við Þórslíkneskið  
Takið hæð á gangstétt við húshornið.

B – Stillið laser upp á lóð fyrir ofan horn, sækið bakmið við gangstétt við húshornið  
Takið hæð ofan á bautastein við næsta húshorn

C – Stillið laser upp við húshorn handan bautasteins, sækið bakmið á bautastein við húshorn  
Takið hæð undir gluggastykki við reyklosunarbrunn

Fyllið út í eyðublað og reiknið út hæðarmun á steypuklump við líkneski og undir glugga við reyklosun.

Stöð	Hæðarmæling						Athugasemdir
	Afllestur			$\Delta h$	Kóti		
	Bakmið	Millipunktur	Frammið		Tækishæð	Punkthæð	
Þór líkneski							
Gangstétt							
Gangstétt							
Bautasteinn							
Bautasteinn							
Gluggastykki							

**Póstur 3** **Hvaða halli er á planinu?**

Stillið upp línulaser á miðju plani, takið hæðir efst og neðst á plani, reiknið út hæðarmuninn, mælið lengd plansins og fyllið út í eyðublaðið hallann

Fyllið út í töfluna

Hæðarmæling							
Stöð	Aflastur			$\Delta h$	Kóti		Athugasemdir
	Bakmið	Millipunktur	Frammið		Tækishæð	Punkthæð	
Efst á plani							
Neðst á plani							

Hver er lóðréttur hæðarmunur á planinu?  cm

Hvað er planið langt (í metrum)  m

Hver er hallinn í cm/m?  cm/m

Hver er hallinn í promil?  promil

Finna má promil með því að deila í hæð í cm með lengd í metrum og margfalda með 10

Hver er hallinn í gráðum?  gráður

Finna má arctan af hallanum, en nota þarf sömu mælieiningu  
 $\arctan(\text{hæð}/\text{lengd})$

**Póstur 4** **Útmælingar**

Setjið niður línur sitthvoru megin við eitt horn grunnsins til að eiga punktana eftir að hælarnir hverfa.

Hvaða fjarlægð stillið þið línurnar á frá útlínum grunns?  m

Athugið nú hvort hornið er 90 ° með 3-4-5 reglunni.  
 Setjið málningarlímband á snærið, merkið á það einhverjar tölur með stuðlunum 3-4-5 og kannið hornið.

Er hornið nákvæmlega 90 gráður?

Er hægt að gefa upp hve mikið vitlaust hornið er? Hvernig?

**Póstur 5****Eldri hæðarkíkir**

Setjið upp hæðarkíkin, gætið vel að líbellu og halla. Mælið ofan á hæl, mælið ofan á annan hæl, hver er hæðarmunurinn?

Hæðarmunurinn:  m

**Póstur 6****Niðurföll**

Stillið upp laser og mælið með latta á strik á hæl á horni grunns, skráið hæðina. Nú á minnsti halli gólfs að vera 1cm/m. Mælið nú breidd og lengd gólfs. Hver verður þá hæð niðurfallsins?

Skráið hér hæð frá kíkislínu niður að hornhæl.  m

Mælið breidd gólfs  m

Mælið lengd gólfs  m

Halli gólfs skal minnst vera 1cm/m

Hver verður þá lóðrétt lækkun niðurfalls miðað við gólfið?  m

Hvaða hæð mælist þá á lattanum í þessari kíkishæð?  m

Endilega myndið blöðin að lokum til að eiga þau, merkið þau vel og afhendið kennara